

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana ákvarðanir sínar um úthlutun úr sjóðnum og annað sjóðnum viðvíkjandi, er máli skiptir.

14

21. febr.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta, nema til samrýmingar löggjöf, er kynni að koma í bág við ákvæði hennar.

12. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

SAMÞYKKT

15

11. jan.

um breytingu á samþykkt nr. 63 8. júní 1937, um breytingu á samþykkt nr. 44 16. maí 1934, um sýsluvegasjóð í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

1. Á eftir 10. tölulið 1. gr. samþykktarinnar komi nýr liður, töluliður 11, er orðist svo:
11. Vesturvegur: Frá Miðvegi norðvestan Ketu um bæina Keldudal og Hróarsdal, að Kárastöðum.
2. 15. töluliður 1. gr. orðist þannig:
Unadalsvegur frá Þjóðveginum vestan við Hof um Árhóla að Bjarnastöðum í Unadal.

2. gr.

Töluliðirnir 11—20 í 1. gr. samþykktarinnar breytist samkvæmt þessu og verði 12.—21. töluliður.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 15. janúar 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. janúar 1940.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

16

16. febr.

um bann gegn leikföngum úr blýi.

Samkvæmt heimild í 6. tölulið 6. greinar laga nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum (sbr. 8. tölulið 3. greinar sömu laga) er hér með bannað að framleiða, flytja inn, hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt afhenda hverskonar leikföng úr blýi eða efnum, sem innihalda blý eða önnur hættuleg efni, sem máluð eru eða lituð með þess háttar efnum.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. febrúar 1940.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.